

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 52

Dags. 20.2.2014

52. fundur.

20. febrúar 2014 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Hörður Þór Benónýsson

Hlynur Snæbjörnsson (Varamaður í fjarveru Guðrúnar Tryggvadóttur)

Friðgeir Sigtryggsson (Varamaður í fjarveru Árna Péturs Hilmarssonar)

Þórunn Jónsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. Vaðlaheiðargöng. Tillaga að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis í Fnjóskadal.
2. Þeistareykir. Umsókn um framkvæmdaleyfi.
3. Þeistareykir. Umsókn um framkvæmdaleyfi.
4. Þeistareykir. Umsókn um framkvæmdaleyfi.
5. Malarnám á Fljótsheiði. Breyting á aðalskipulagi.
6. Kárhóll í Reykjadal. Aðal- og deiliskipulag.
7. Hjarðarholt í Fnjóskadal. Stofnun lóðar.

1. Vaðalheiðargöng. Tillaga að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis í Fnjóskadal S20120402

Tekið fyrir að nýju erindi dags 10. júlí 2013 frá Valgeiri Bergmann f.h. Vaðlaheiðarganga hf. þar sem sótt er um heimild til að láta vinna deiliskipulag vegna Vaðalheiðarganga og vinnubúða í Fnjóskadal skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er óskað eftir að meðfylgjandi deiliskipulagslýsing frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf dags. 20. júní 2013 verði tekin til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisnefnd skv. 40. gr. fyrrgreindra laga.

Fyrrgreind skipulagslýsing var kynnt samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Innkomin ný göng dags. 9. desember 2013, tillaga að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis í Fnjóskadal dags 9. desember 2013 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Sveitarstjórn féllst á tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um að fallið yrði frá kynningu eins og heimild er fyrir í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendu deiliskipulagsins lágu fyrir í aðalskipulagi.

Tillaga að deiliskipulagi var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 20. desember 2013 til og með 31. janúar 2014. Engar athugasemdir bárust en tilmæli bárust frá Minjastofnun um að merkja betur minjastaði og girða af einn ákveðinn minjastað á framkvæmdatímanum. Þessum tilmælum var bætt inn í greinargerð. Einnig bárust tilmæli frá Umhverfisstofnun um að halda mold af yfirborði haugstæðis til haga til lokafrágangs á svæðinu og var þeim tilmælum einnig bætt inn í greinargerð.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna og feli jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku tillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. Þeistareykir. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20120101

Erindi dags 12. febrúar 2014 frá Árna Gunnarssyni, yfirverkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi með vísan í 13. gr. skipulagslaga nr.123/2010 til efnistöku úr ÞRN-2 vestan Kvíhólaflajalla fyrir allt að 800.000 m³ til 10 ára skv.meðfylgjandi áætlun um efnisstöku og frágang námu frá Eflu verkfræðistofu dags. október 2013.

Í umhverfismati Þeistareykjavirkjunar er gerð grein fyrir allt að 1.000.000 m³ úr námunni.

Á undanförunum tveimur árum hefur verið unnið um 200.000 m³ í áföngum skv.

framkvæmdaleyfum sveitarstjórnar sem veitt voru fyrir hvert einstakt verk.

Ofangreindar framkvæmdir eru í samræmi við umhverfismat 200 MW virkjunar á Þeistareykjum, Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar frá 2012.

Fylgiskjöl með umsókn eru: Efnistökusvæði ÞRN-2, áætlun um efnistöku og frágang námu, Efla október 2013.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið.

3. Þeistareykir. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20120101

Erindi dags 12. febrúar 2014 frá Árna Gunnarssyni, yfirverkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi með vísan í 13. gr. skipulagslaga nr.123/2010 fyrir lagningu vatnspípu, háspennu- og fjarskiptatengi í vegkant Þeistareykjavegar nyrðri, sem fyrst áfanga í byggingu vatnsveitu fyrir fyrirhugaða Þeistareykjavirkjun.

Ofangreindar framkvæmdir eru í samræmi við umhverfismat 200 MW virkjunar á Þeistareykjum, Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar frá 2012.

Áætlað efnismagn í skurðstæði er 6000m³ af sandi og er hluti sandsins tekinn úr námu RHN-10/11 Jónsnípu.

Fylgiskjöl með umsókn eru: Vatnsveitulögn Þeistareykjavirkjunar, yfirlitsmynd, Þversnið í skurðstæði, Efnistökusvæði RHN-10, áætlun um efnistöku og frágang námu, júní 2011.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið.

4. Þeistareykir. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20120101

Erindi dags 17. febrúar 2014 frá Árna Gunnarssyni, yfirverkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi með vísan í 13. gr. skipulagslaga nr.123/2010 fyrir jarðvinnu á skiljustöðvarlóð, byggingarlóð L-03 á deiliskipulagi, og lagningu slóða á milli skiljustöðvar og skiljuhússlóðar (L-01) a mannvirkjabelti M2, fyrirhugaðrar Þeistareykjavirkjunar.

Ofangreindar framkvæmdir eru í samræmi við umhverfismat 200 MW virkjunar á Þeistareykjum, Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar frá 2012.

Framkvæmdirnar eru áætlaðar í sumar og áætlað efnismagn er 2000m³ sem sótt verður í námu RHN-02, Kvíhólanámu.

Fylgiskjal með umsókn: Yfirlitsmynd sem sýnir svæðismörk fyrir jarðvinnu á skiljustöðvarlóð og slóðagerð milli skiljustöðvar- og stöðvarhússlóðar sumarið 2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið.

5. Efnistökusvæði á Fljótshéiði. Breyting á aðalskipulagi S20140201

Erindi dags. 4. febrúar 2014 f.h. Vegagerðarinnar þar sem gerð er grein fyrir því að Vegagerðin er að undirbúa framkvæmdaleyfisumsókn vegna framkvæmda við Hringveg um Reykjadal á kaflanum fá Laugum að Reykjadalssá.

Fyrirhugað er að taka efni úr þremur námum. Tvær þeirra eru á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2020, náma við Brúargerði og náma við Helgastaði. Ein þeirra er ekki á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og er óskað eftir gerð verði breyting á aðalskipulaginu og náman sýnd á því, svo hægt sé að sækja um leyfi til framkvæmdarinnar hjá Þingeyjarsveit.

Náman á Fljótshéiði var opnuð við framkvæmdir á Hringvegi um Fljótshéiði skömmu fyrir aldamótin og hefur verið opin og ófrágengin síðan. Fyrirhugað er að taka 45.000 m³ af fyllingarefni og styrktarlagi úr námunni. Áætlanir eru um að efnið verði tekið á árunum 2014, 2015 og 2016. Að loknum framkvæmdum við Hringveginn um Reykjadal eru áætlanir um að loka námunni og ganga frá henni. Hún verður þá mótuð í samræmi við aðliggjandi landslag og grædd upp í samráði við landeigendur.

Lagt fram breytingablað vegna breytinga að aðalskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði óveruleg breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í þá veru að núverandi efnistökusvæði á Fljótshéiði verði fært inn á aðalskipulag þar sem ljóst þykir að gleymst hafi að færa hana inn við gerð aðalskipulagsins þar sem náman hefur staðið opin og ófrágengin í langan tíma. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar. Skipulags- og umhverfisnefnd lýsir ánægju sinni með áform Vegagerðarinnar um lokun námunnar og frágang á henni að efnistöku lokinni.

6. Kárhóll í Reykjadal. Aðal- og deiliskipulag S20140202

Erindi dags. 14. febrúar 2014 frá Halldóri Jóhannssyni fyrir hönd Teikn á lofti ehf og Aurora Observatory þar sem óskað er eftir því að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir staðsetningu rannsóknarstöðvar að jörðinni Kárhóli.

Jafnframt er óskað eftir leyfi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar til Teikn á lofti ehf kt. 691206-4400 til að vinna deiliskipulag af jörðinni, fyrir hönd Aurora Observatory, vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Aurora Observatory ráðgerir að starfrækja alþjóðlega rannsóknarstöð á jörðinni með áherslu á rannsóknir Norðurljósa og efra andrúmslofts. Jafnframt verði starfrækt gestastofa fyrri ferðamenn til kynningar og upplýsingar um eðli Norðurljósa.

Fyrirhugðuð bygging verði á allt að þremur hæðum og felld inní landið ofan og norðan núverandi mannvirkja á jörðinni. Gert er ráð fyrir að stærð byggingar geti verið allt að 700 m².

Skipulags- og umhverfisnefnd frestar afgreiðslu málsins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa og formanni nefndarinnar að afla frekari gagna frá framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Aurora Observatory samkvæmt umræðum á fundinum.

7. Hjarðarholt í Fnjóskadal. Stofnun lóðar. S20140203

Erindi dags. 10. febrúar 2014 frá Svanhildi Þorgilsdóttur og Jóni F. Sigurðssyni þar sem þau óska eftir að stofnuð verði sérstök lóð út landi þeirra Hjarðarhóli í Fnjóskadal skv. meðfylgjandi hnitsettri loftmynd frá Búgarði dags. 16. janúar 2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár þegar áskilin gögn hafa borist.

Fundi slitið